# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 15


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fundur fátækranefndarinnar
þ. 9. des. '09.

1 Meðlag með þurfamanni Guðjónssyni
2 —— " —— Jóni Jónssyni
3. —— " —— Inger Dagbjört
4. Katrín Árnadóttir biður um meiri styrk
5. Kristín Þórðardóttir —— " ——
6. Margrjet Jónsdóttir —— " ——
7. Þorkell Guðmundsson biður um lán
8. Steingr. Sveinsson og Gísli Sveinsson um sölu á Sveinsstöðum.
9. Um sveit Gunnars Þorb. Lárussonar
10. Reikningar yfir veru ekkju Hafl. Bjarnas.
11. Styrkveiting Ágötu Guðmundsdóttur Samþ.
12. —— " —— Guðr. Ág. Jónsdóttur
13. —— " —— Benjamíns Guðm.sonar, Skólavst.
14. Tekin ábyrgð á legukostnaði Kristínar Grímsd.
15. —— —— " Maríu Kristínar Guðmundsd. dóttur Guðm. Magnúss.
16. Um meðlag með barni Kristjáns Buck
17. Styrkbeiðni Ketil. Guðmundss., Gíslaholti
18. —— " —— Guðjóns Guðmundssonar
19 —— Ara Hermanns Ólafssonar
20 Hækkun meðlags með Sigurði Herbelssyni
21, —— " —— með Jórunni Bjarnadóttur
22, Styrkbeiðni Eiríks Jónssonar
23, Um meðlag með Sigríði Stefaníu Ollesen
21, Beiðni um meðlag með Sigurði Sigurðssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Veitast ~~um~~ fastan styrk hér 4 kr. á mánuði, í styrk. –

Jeg undirskrifuð, sem er 36 ára gömul og hefi dvalið hjer í bænum samfleytt síðastliðin 17 ár, átti fyrir rúmum 8 árum barn með manni, sem hjet Samúel Guðbrandur Guðbrandsson, og sem ári síðar ljezt úr lungnabólgu á spítalanum í Reykjavík; en hann eptirljet sjer alls engar eigur, svo jeg hefi frá þeim tíma einsömul orðið að basla fyrir uppeldi þessa barns míns, en er svo fátæk, að jeg nú er algjörlega í vandræðum með að geta borgað húsaleigu fyrir okkur. Jeg leyfi mjer því hjer með auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer frá byrjun þessa mánaðar og framvegis 4 króna mánaðlegan húsaleigustyrk úr fátækrasjóði, til þess að jeg og barn mitt eigi komumst á vonarvöl sökum húsnæðisleysis.

Veghúsum við Hverfisgötu í Reykjavík, 2. desbr. 1909.

Auðmjúklegast.

Margrjet Jónsdóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

140
2. Desbr. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. 2 kr. viðbót frá 1/1.

Jeg undirrituð leifi mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækranefnd um að veita mjer 2 krónur á mánuði í viðbót við það sem jeg nú hefi sem eru 5 kr. Mjer er ómögulegt að draga fram lífið án þessarar hjálpar þar sem jeg sökum ellilasleika ekki get unnið aðra vinnu en ef einhver ljeti mig fá eitthvað óvandað til að prjóna en nú er svo að sjá sem fólk geti ekki látið mjer þessa vinnu í tje sökum efnaleisis.

Vesturgötu 55

Kristín Þórðardóttir

Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavík 1. Okt. 138 / 1900

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir fórum þess bréflega á leit í fyrra að okkur væri seldur með sem vægustu borgunarskilmálum bærinn Sveinsstaðir í Kaplaskjóli með tilheyrandi lóð, sem áður var eign föður okkar Sveins Guðmundssonar, en er nú eign fátækrastjórnarinnar í Reykjavík. En við höfum ennekkert svar fengið, aðeins frjett að nefnd hefði verið skipuð til þess að skoða bæjareignina og líklega til að semja um kaupin, en við höfum eigi orðið þess varir að sú nefnd hafi neitt gjört. Við leyfum okkur nú virðingarfyllst að endurnýja þá ósk okkar að fá þessa bæjareign keypta með sem beztu verði og vægustu borgunarskilmálum, til þess, ef auðið er, getum byggt bæ þennan – sem nú er gjörfallinn og í eyði – upp aptur, og og veitt foreldrum okkar og fjölskyldu þeirra þar húsnæði og aðhlynning, án endurgjalds af fátækrasjóði.

Við leyfum okkur að óska svars hinnar háttvirtu bæjarstjórnar eða fátækrastjórnar svo fljótt sem auðið er.

Skipholti í Reykjavík, 30. nóvember 1909.

Virðingarfyllst
Steingrímur Sveinsson. Gísli Sveinsson
– frá Sveinsstöðum –

142
1909

F. Rvk.

Til
~~fátækra~~stjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristjáni Þorgr. og Jóni
Tómassyni falið að
leita samnings –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hækka styrk í 5 kr - frá 1/1

Hjer með Leyfi eg mjer virðingarfyllst að fara þess á leyt við hinna Heyðruðu Fátækranefnd að hún vildi svo vel gjöra og veyta mjer styrk til viðbótar við það sem mjer hefur verið veitt sem er hálf önnur króna um mánuðinn í ~~Leygu~~, Húsaleigu og mælist til að mjer mætti veitast hjer Eptir 7 krónur um mánuðin viðbótin sem sje 5½ króna. Eg er nu orðin 76 ára, Ekkja hef eg verið 35 ár og í Reykjavík hef verið um 60 ár aungan styrk feingið mjer til lífsbjargar útan frá mínu Eina barni konu Kristjáns Erlindssonar á Laugaveg þang Ein hafa hjálpað mjer þegar mjer hefur mest á legið, En nú er eg farin að öllum kröptum og það sem mest hamlar mjer að vinna í höndunum er að sjónin er orðin svo lítil, Eg vona að nefndin sjái að eg kvarta Ekki um skör fram og góðfúslega samþykki að veyta mjer þessa bón og að eg mætti fá að vitja þess í Einu lagi (Ef þægt væri) til Gjaldkjerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F. Rvk. 13/1 1909

Eg óska og vona alt góðs í þessu Efni

virðingarfyllst

Suðurgötu 11 - 29 Nóvembr 1909

Katrín Arnadóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hús Ingimundar Pjeturson Sellandsstíg 7 desemb 1909

Hjer með gjöri jeg kunnugt að jeg hef nú í langan tíma leitað fyrir mjer að fá mjer lán og hefur það ekki tekist sökum þess að menn segjast vera svo illa staddir.

Svo mjer er nauðugur einn kostur að leita mjer hjálpar hjá hinni heiðruðu fátækranefndi.

Jeg lít svoleiðis á það að það sje ábyrgðarhlutur fyrir mig að geta ekki skaffað konu minni og börnum það sem þaug þurfa með bæði til fatar og matar en nú get jeg það ekki

svo nú treysti jeg nefndinni að gjöra svo vel og hjálpa mjer og það sem allra fyrsta sem unt er

Virðingar fyllst

Þorkell Guðmundsson

Falið Guðrúnu og Ólafi til ráðstöfunar.

Þ. Rvk. 141/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur